



18. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 29. feb. 2012

Fundur settur kl. 17:30 í glerbúri

Mætt: Sævar Kristinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Ásmundur Pálsson og Hekla Klemenzdóttir höfðu boðað forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Gestir fundarins undir 1. lið: Ragnheiður Bragadóttir og Raket Heiðmarsdóttir sem sitja í siðanefnd Aftureldingar

Dagskrá:

1. Siðanefnd.
2. Lagabreytingar
3. Húsnæðismál
4. Staða samninga við Safalann
5. Fjármál félagsins og fundir með deildum
6. Aðalfundur
7. Önnur mál

1. Fulltrúar í Siðanefnd, Ragnheiður Bragadóttir og Raket Heiðmarsdóttir, fóru yfir vinnu sína varðandi endurskoðun siðareglna og reglugerðar um Siðanefndina. Aðalstjórn lýsti ánægju sinni með þá vinnu og mun kynna drögin á næsta formannafundi. Endurskoðaðar siðareglur og reglugerð verða síðan lagðar fram á aðalfundi til samþykktar.

2. Breytingartillögur frá aðalstjórn sem fram komu á 17. aðalstjórnarfundi hafa verið teknar fyrir á fundi laganeftar og hefur nefndin endurnýjað drögin sem verða send til stjórnarmanna eftir þennan aðalstjórnarfund. Drögin verða lögð fram til kynningar á formannafundi og til samþykktar á aðalfundi.

3. Formaður fór yfir stöðuna varðandi húsnæðismálin en bæjaryfirvöld hafa ákveðið að reisa 1200 m² stálgrindarviðbyggingu með 390 m² milligólfi að Varmá. Félagið þarf nú að móta tillögur til bæjarins um það hvernig rýmið, bæði það nýja og það eldra sem losnar, verði best nýtt. Sævar formaður, Guðjón varaformaður og Helga gjaldkeri voru valin til að mynda s.k. húsnæðishóp aðalstjórnar og munu þau kalla eftir áhersluatriðum og óskum allra deilda varðandi skipulag nýja hússins og nýtingu þess húsnæðis sem losnar.

4. Formaður, framkvæmadastjóri og gjaldkeri hafa fundað með Safalinn/Errea um stöðu samninga við fyrirtækið. Ákveðið að verklag við innkaup í samræmi við samning verði þannig að þau fari öll í gegnum framkvæmdastjóra félagsins. Viðræður við fyrirtækið halda áfram.

5. Í gangi eru fundir með gjaldkerum og formönnum varðandi fjármál einstakra deilda og heildarfjármál félagsins að skýrast. Nánar verður fjallað um stöðu fjármála á næsta formannafundi sem haldinn verður fimmtudag 8. mars kl. 17:15 í stofu 6.

6. Aðalfundur félagsins verður haldinn 29. mars í Listasalnum. Dagskráin rædd.

Annað ekki gert. Fundi slitið klukkan 19:20

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir